



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
b.t. samgöngunefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

jhm

1. desember 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1996 um Siglingastofnun Íslands, 75. mál.**

#### **Almennt**

Samtök atvinnulífsins taka undir yfirlýst markmið frumvarpsins um að setja skýr lagaákvæði um gjaldtökuheimild Siglingastofnunar svo ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald fyrir og þá hvernig gjaldtakan er ákvörðuð. Við nánari skoðun verður ekki hjá því vikist að benda á það að athugasemdir þeirra sem sömdu frumvarpið geri ekki rétta grein fyrir tilgangi breytinganna. Í raun sé efnislega tekið upp orðalag ákvæðis 114. greinar umferðalaga nr. 50/1987, eins og því var breytt 2007 vegna athugasemda umboðsmanns Alþingis. Með því sé verið að tilgreina sem grundvöll gjaldtöku alla hugsanlega rekstrarliði stofnunar til að réttlæta álögð gjöld. Það sé hins vegar ekki ljóst hvort umboðsmaður fellst á að það sé úrræðið sem sé í samræmi við athugasemdir hans.

#### **Ákvörðun gjaldtöku**

Samtök atvinnulífsins geta ekki fallist á það að afritun breytinga á umferðarlögum réttlæti breytingar á gjaldtökuheimildum Siglingastofnunar og geri þær skýrari eins og haldið er fram í athugasemdum með frumvarpinu. Starfsemi og verkefni Siglingastofnunar sé ólík starfsemi og verkefnum Umferðarstofu svo ólíku sé saman að jafna.

Samtök atvinnulífsins leggja sérstaka áherslu á það að Siglingastofnun verði ekki heimilað að innheimta hærra gjald en sem nemur raunkostnaði fyrir veitta þjónustu. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins, sem eru afritun af ákvæðum 114. gr. umferðarlaga um hvað skuli leggja til grundvallar við ákvörðun gjalda eru alls ekki í samræmi við það.

Samkvæmt þeirri upptalningu verður ekki annað séð en ætlunin sé að gjöldin standi undir heildarrekstrarkostnaði Siglingastofnunar, en óljóst hvaða aðferð verði notuð til að deila kostnaðinum niður á einstaka gjaldskrár. Má þar nefna kostnað við þjálfun og endurmenntun, aðkeypta sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja og alþjóðlegrar samvinnu í þágu siglinga.



### Sérhæfð þjónusta á viðskiptagrundvelli

Í athugasemdum með frumvarpinu er einkum lögð áhersla á það Siglingastofnun geti aflað sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu vegna starfsemi sem sé rekin á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði. Sérstaklega eru tilgreind innlend og erlend verkefni hafnasviðs Siglingastofnunar og gert ráð fyrir að sú gjaldskrá taki mið af markaðsverði þjónustunnar. Vaknar þá spurning um það hvort ekki sé eðlilegra að stofna sérstakt fyrirtæki um þá starfsemi og skilja hana frá Siglingastofnun?

### Niðurstaða

Lagt er til að ákvörðun gjalda Siglingastofnunar verði í samræmi við 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 þar sem gert sé ráð fyrir að gjaldtaka skuli miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt sé. Þá sé annað hvort gert ráð fyrir því að þeir sem greiði gjöldin geti krafist stofnunar um upplýsingar um kostnað sem almennt hljótist af því að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda eða að stofnunin afli umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynni þeim efni og forsendur gjaldskrár með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Jón H. Magnússon